

# Skólanámskrá Undralands



Leikskólinn Undraland  
Breiðumörk 27  
810 Hveragerði  
Sími: 483-4234  
Netfang: [undraland@hveragerdi.is](mailto:undraland@hveragerdi.is)



## **Inngangur**

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í menntakerfinu. Í leikskóla fer fram uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri. Orðið menntun er notað í víðri merkingu, þ.e. uppeldi, umönnun, nám og kennsla.

Skólanámskrá leikskólans mótast af þeim áherslum sem lagðar eru í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerðum, einnig stefnu leikskólans og af þeim aðstæðum sem hann býr við. Hér er átt við ytri aðstæður og umhverfi leikskólans og þann faglega og persónulega bakgrunn sem mótar viðhorf leikskólakennaranna og starf. Leikskólinn er samfélag þar sem nám og þroski barna er í brennidepli og foreldrar og starfsfólk leikskólans gegna þar mikilvægu hlutverki í að standa vörð um hagsmuni barna svo þau megi njóta berskunnar við leik og störf.

## **Aðalnámskrá leikskóla**

Menntamálaráðuneytið gefur út Aðalnámskrá leikskóla. Hún er fagleg stefnumörkun og lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Hún inniheldur hugmyndafræði leikskóla, markmið og leiðir. Aðalnámskrá er ákveðinn rammi um leikskólastarfið og undirstaða frekari skólanámskráargerðar.

Við skipulag skólastarfs skal lögð áhersla á nám og menntun barna og ungmenna og hæfni þeirra að námi loknu. Kennsluáðferðir og samskiptahættir, námsgögn og kennslutæki beinast fyrst og síðast að því að styðja nemendur í námi sínu. Námsmarkmið snúa að þeirri hæfni sem nemandinn öðlast í námsferlinu og býr yfir að námi loknu. Til að öðlast fjölbreytilega hæfni á nemendum að gefast tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengjast menningu samfélagsins, umhverfi barna og ungmenna og daglegu lífi. (Aðalnámskrá leikskóla 2011, 23 )

Það er von mín að þessi skólanámskrá verði góður leiðarvísir fyrir starfsfólk og foreldra leikskólans. Ár hvert er námskráin endurskoðuð svo hún verði alltaf sá leiðarvísir sem hún á að vera. Allt starfsfólk Undralands kom að gerð námskrárinnar til að öruggt væri að hún lýsi okkar starfi og starfsreglum í reynd. Voru allir sammála um að við útgáfu hennar fyllti það okkur öryggi í starfi að við værum með sýnileg rökstudd markmið og að allir væru meðvitaðir um stefnur og strauma Leikskólans Undralands.

Sesselja Ólafsdóttir leikskólastjóri Undralands

## 1. Upplýsingar um leikskólann og rekstaraðila

Leikskólinn Undraland er staðsettur við Breiðumörk 27, Hveragerði. Hann var opnaður 4. september 1982 sem tveggja deilda leikskóli. Í desember árið 1997 var byggt við leikskólann og þriðja deildin var opnuð. Allar deildirnar eru aldurskiptar.

Yfirstjórn leikskólans er í höndum bæjaryfirvalda og fræðslunefndar.

Netfang leikskólans er undraland@hveragerdi.is sími 483-4234

### 1.1 Húsnæði, lóð og útileiksvæði.

Flatarmál efri hæðar er 409,8 fermetrar, kjallari 63,6 fermetrar þar eru undirbúningsherbergi og geymsla.

Yngri deildirnar hafa tvær aðalstofur og geymslu, eldri deildin er með lítið herbergi inn af aðalstofu og geymslu.

Sérkennsluherbergi er í hliðarherbergi á starfsmannainngangi.

Eldhúsið er búið fullkomnum tækjum og eru að meðaltali 55 börn auk starfsmanna í fæði.

Útisvæði Undralands er mjög fjölbreytt, þar er Bungubrekka sem kemur sér vel á veturna, hjólastígar, sandkassi með vatnshana og leiktæki samkvæmt nýjustu öryggisstöðlum.

### 1.2 Starfsfólk og börn

Á Undralandi eru að meðaltali um 55 börn. Aldur barnanna er 18 mánaða til 6 ára. Opnunartími leikskólans er frá kl. 7:45-16:15.

Deildin með yngstu börnunum 18 mánaða - 2ja ára heitir Lundur, á Brekku eru börn á aldrinum 3-4 ára og 4-6 ára börnin eru á Sólbakka. Deildirnar eru nefndar eftir húsum í bænum t.d. er íbúðarhúsið Brekka við hliðina á leikskólanum, Sólbakki stendur fyrir neðan Leikskólann þ.e. Hverahlíð og Lundur stendur við Laufskóga.

Stöðugildi á leikskólanum eru 15,17 þar af eru 5 leikskólakennarar, 1 leikskólasérkennari og grunnskólakennari.

Allir starfsmenn eru bundnir þagnaskyldu um öll málefni barna og fjölskyldu þeirra. Þagnaskylda helst áfram þótt starfsmenn láti af störfum í leikskólanum.

## 2. Markmið leikskólans og hugmyndafræði

### Einkunnarorð Undralands

### Leikur - Umhyggja – Öryggi

#### 2.1 Markmið Undralands eru:

Að börn fái tækifæri til að læra í gegnum leik og eigin upplifanir.

Að barnið læri að bera umhyggju fyrir sjálfum sér, öðrum manneskjum, dýrum og náttúrunni.

Að börnin finni öryggi, stöðuleika og traust í öllum samskiptum.

#### Á Undralandi leggjum við megin áherslu á:

- Að barnið öðlist færni í að lesa úr umhverfinu og samskiptum sínum við aðra, öðlist sterka sjálfsmynd og líði vel í skólaumhverfinu
- Finna leiðir til að skapa umhverfi og aðstæður sem virkja sköpunargleði barnanna.
- Gefa barninu tækifæri til að tjá og túlka hug sinn og þekkingu á skapandi hátt.
- Að barnið öðlist sterka sjálfsmynd.
- Að barninu líði vel í þessu skólaumhverfi.

## 2.2. Stefnur og hugmyndafræði í Undralandi

Við munum leitast við að hafa uppeldisstefnu John Dewey að leiðarljósi til að ná settu marki en stefnum jafnframt að því að móta starf okkar við þær aðstæður og umhverfi sem við búum við.

Bandaríski heimspekingurinn John Dewey er best þekktur fyrir kenningar sínar um menntun og skólastarf. Reynslan er undanfari menntunar og er uppspretta þeirra spurninga sem nám byggir á. Athafnaþörf barnsins þarf því að virkja. Barnið lærir af eigin reynslu og virkni einkunnarorð Deweys voru "learning by doing". Nám barnsins á að vera ein heild, en reynsla, tilraunir samvinna og hæfileikinn til að meta, styrkja og efla barnið í þekkingarleit sinni. Skapa þarf barninu örvandi uppeldisumhverfi, með sýnilegum og aðgengilegum efniviði. Kennarinn hvetur barnið, spyr opinna spurninga og leiðir það áfram til eigin niðurstöðu. Mikilvægt er að barnið megi gera mistök svo það læri af þeim án þess að finni sig misheppnað. Áhugasvið barnsins er samkvæmt Dewey fjórskipt þ.e.

1. Áhugi á samræðum og samveru.
2. Áhugi á að framkvæma.
3. Áhugi á að rannsaka.
4. Áhugi á listrænni tjáningu.

## 3. Leikur og leikskólastarf.

### 3.1. Leikurinn

Leikurinn er hornsteinn leikskólstarfsins, hann er kennsluáðferð leikskólakennara og námsleið barnsins. Í bernsku er það að leika sér það sama og að læra og afla sér þekkingar. Í frjálsum leik er barnið að skapa leikinn úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og lærir að leita lausna.

Í þykjustu- og hlutverkaleikjum og öðrum samleikjum lærist börnum nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit hvert til annars á jafnréttisgrundvelli.

Á leiksvæði barnanna er heimiliskrókur þar sem þau geta notið sín í hlutverkaleik þ.e. í sjálfsprottnum leik. Einingarkubbar ásamt öðrum opnum efnivið er notað í byggingarleik.

### 3.2. Lífsleikni

Með lífsleikni er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálft. Segja má að leikskólanámið sé í raun samfellt lífsleikninám. Til að öðlast lífsleikni þarf barnið að læra umburðarlyndi í samskiptum sínum og samneyti við aðra, læra að bera virðingu fyrir ólíku atgervi, skoðunum og menningu. Vinátta og samkennd er dýrmætt veganesti og góður undirbúningur undir virka þátttöku í félagslífi og samstarfi síðar í lífinu. Barnið þarf að tileinka sér lífsgildi, reglur, venjur og hefðir sem ríkja heima, í leikskólanum og í samfélaginu í heild. Í leikskólanum er frumkvæði barnanna eflt og styrkt, þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Þau eiga að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfa. Í leikskóla á barnið að fá tækifæri til að læra að leysa deilur á jákvæðan og friðsamlegan hátt og læra að gleðjast með öðrum og lifa í sátt við sjálft sig og umhverfi sitt. Í hópstarfi með elstu börnum er unnið með námsefnið "Vinir Zippýs" sem gefin er út af samtökunum Partnership for Children. Markmiðið er að kenna börnunum að ráða fram úr erfiðleikum sem þau mæta í daglegu lífi og að bera kennsl á og tala um tilfinningar sínar.

### 3.3 Samverustund

Samverustundir eru daglega, þá eru lesnar sögur, sungið, farið í leiki og rætt saman. Einnig er í samverustundum fjallað um ýmis þemaverkefni sem verið er að vinna að. Ýmis fræðsla tengd menningu, fjallað er um heiti mánuðina, daganna og einnig er veðráttan og tíðarfarið

rætt í tengslum við árstíðirnar. Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna, þau tjá sig og læra að hlusta á aðra.

**Markmið með samverustundum er:**

- Að stuðla að alhliða námi.
- Að eiga notalega stund saman.

### 3.4 Hópastarf

Á skipulagsdegi eru settir niður hópastarfstímar fyrir hverja önn. Börnin fara í föstum hópum í skipulagt starf 2-4 sinnum í viku þar sem hver hópstjóri leiðbeinir og hvetur börnin til nýrra uppgötvanna og viðar að sér verkefnum. Að auki fléttast þema vetrarins inn í öll námssvið leikskólans

**Markmið með þemastarfi er:**

- Að barnið læri að það megi gera mistök, að það geti lært af þeim án þess að upplifa sig misheppnað.
- að virkja börnin til virkrar upplýsingaleitar/skoðunar og tjáningar.

### 3.5 Daglegt líf í Undralandi

Daglegt líf í leikskóla markast mjög af venjubundnum athöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum og heilsu barnanna. Á ákveðnum tímum matast börnin, þvo sér, hvíla sig eða sofa o.s.frv.

**Dagskipulag:**

8:00 Róleg stund /morgunmat	Róleg stund ýmis borðvinna fram að morgunmat.
8:45 Söngur í sal	Börnin koma saman í sal leikskólans og syngja undir stjórn tónlistakennara.
9:00 Hópastarf/Val Leikstund/lestur	Í hópastarfi er börnunum skipt í hópa eftir aldri. Í hópunum fer fram ýmiskonar vinna s.s. tónlist, hreyfing og þemavinna, heimsókn á Bæjarárs o.fl. Hópa vinna fer fram á deildum, í sal og úti í náttúrunni.
10:00 Leikstund/ Samvera/söngur	Í leikstund velja börnin sér verkefni, leir, kubba, hlutverkaleik, samvera, söngur og lestur.
11:00 Útivera	Í útiveru leika börnin sér að mestu frjálst á leiksvæðinu en að auki er farið í skipulagða útileiki og gönguferðir.
12:00 Hádegi Yngsta deild kl 11,30	Við hádegisverðarborðið á hver sitt sæti og við eigum rólega stund við matarborðið.
12:30 Hvíld / Samverustund	Yngstu börnin sofa en þau eldri fara í sögustund ræða saman, hlusta á rólega tónlist o.fl.
13:00 Útivera/ Leikstund/	sjá ofar
15:00 Nónhressing/ Samvera	Eftir nónhressingu er samverustund, söngur, lestur og spjall.
16:00 Leikstund/ Heimferð	Börnin enda daginn með rólegri samveru inni eða útiveru ef veður leyfir.
	Leikskólinn lokar kl. 16:15

### 3.6. Sérkennsla

Í leikskóla eru börn með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum. Leitast er við að hvert einstakt barn fái við viðfangsefni við sitt hæfi. Mikilvægt er að félagskapur og samskipti barnanna bindi þau vináttuböndum og styrki samkennd þeirra. Í leikskólanum er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag.

Þau börn sem þurfa á sérkennslu að halda fá hana samkvæmt reglum sem sveitafélagið setur. Meginreglan er að sérkennslan fari fram í hópnum með öðrum börnum. Í leikskólanum er sérkennsla í höndum leikskólasérkennara í samvinnu við fagaðila og eru þeir ásamt leikskólastjóra og deildarstjóra ábyrgir fyrir því að gerðar séu áætlanir vegna barnanna og þeim framfylgt.

Þegar grunur vaknar um þroskafrávik hjá barni ber starfsfólki að byrja strax að ýta undir þroska barnsins og haga aðstæðum þannig að barnið eigi sem bestan möguleika á að ná "eðlilegum" þroska.

Í foreldraviðtali er leitað eftir álit foreldra og rætt um stöðu barnsins í þroska og námi. Ef í ljós kemur að framfarir barnsins eru ekki sem skyldi er leyfi foreldra fengið til að leikskólakennari geri formlega athugun á þroska barnsins í leikskólanum með viðeigandi þroskaþrófi eða matstæki. Slíkt mat getur farið fram með þátttöku foreldra. Niðurstöður athugunarinnar eru ræddar við foreldra og vinnan með barnið skilgreind nánar.

Ef niðurstöður athugana sýna að barn þarfnist sérkennslu í leikskólanum eru gerðar ráðstafanir sem miða að því að kennslan geti farið fram innan ramma leikskólastarfsins. Ef ástæða þykir til frekari aðgerða er í samráði við foreldra barnsins leitað til Skólaskrifstofu til frekari ráðgjafar.

### **3.7 Sérverkefni elstu barnanna**

Markmið með sérstökum verkefnum fyrir elstu börnin í Undralandi er að búa þau sem best undir skólagöngu. Leikskólinn er frábrugðin grunnskólanum að mörgu leyti. Í leikskóla fer námið fram í gegnum leikinn, og mikil áhersla er lögð á að bernskan er sérstætt þroskaskið, og er það öðruvísi heldur en hið fagmiðaða kennslustarf sem fer fram í grunnskólanum. En mikilvægt er að móta heildarsýn og eðlilegt samhengi milli uppeldis og menntunar í leikskóla annars vegar og í grunnskóla hins vegar. Samfella milli leik og grunnskóla hefur áhrif á líðan og alhliða þroska barnanna. Hún gerir börnunum auðveldara að flytjast frá einu skólastigi til annars og styrkir öryggiskennd þeirra í byrjun grunnskóla náms.

Elstu börn leikskólans eru í sérverkefnum. Í þessum stundum fer fram markviss málörvun og ýmis verkefni tengd undirbúningi að lestrar og stærðfræðinámi. Félagsfærni þeirra er eflað með lífsleikni æfingunum "Vinir Zippý". Gerð er athugun á hljóð og málvitund elstu barnanna á hausti og vori. Notað er Hljóm-2 sem er könnun á hljóð- og málvitund eftir Ingibjörgu Símonardóttir, Jóhönnu Einarsdóttur og Amalíu Björnsdóttir.

Markmið með verkefnum elstu barnanna er:

- Að efla sjálfstæði og frumkvæði
- Að efla hópkennd og samvinnuhæfni
- Að tryggja þeim krefjandi verkefni

Að vori höldum hátíðlega útskriftarveislu 5 ára barnanna með foreldrum þar sem þau fá vetrarverkefni sín afhent og geisladiska af sér í leikskólastarfi og börnin eru með einhverja skemmtilega uppákomu fyrir foreldra. Farið er í útskriftaferð í boði foreldrafélagsins.

### **3.8 Menningarviðburðir á Undralandi.**

Menningarviðburðir eru nokkuð í föstum skorðum á Undralandi. Við höldum þorrablót á bóndadaginn og gerum dagamun á konudaginn. Dagur leikskólans 6. febrúar og Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember eru haldnir hátíðlegir. Í febrúar eru einnig bollu-, sprengi- og öskudagar haldnir hátíðlegir.

Á vorönn er opið hús í leikskólanum þar sem börnin sína vinnu sína í máli og myndum og einnig er útskrift elsta árgangs með gleði og söng.

Sumarhátíð leikskólans er haldin í júní.

Í september fara elstu börnin í þerjamó í Hamarssvæðið eða næsta nágrenni. Við gróðursetjum trjáplöntur í Hamarssvæðið og eigum okkur þar reit sem nefnist Undralundur og fáum við jólatré frá þessu svæði.

Í desember er hefðbundin dagskrá, lærum jólalög, sækjum jólatréð, bökum piparkökur, útbúum jólagjöf handa foreldrum, höldum jólaball þar sem jólasveinninn kemur í heimsókn.

Vikulegar heimsóknir eru á Bæjarás, heimili eldri borgara, sem rekið er af dvalarheimilinu Ás. Í heimsóknunum fá þau að taka þátt í daglegu starfi heimilisins og njóta samveru við heimilismenn.

## 4. Grunnþættir menntunar

Hlutverk leikskóla er að skapa nemendum örvandi og uppbyggilegt námsumhverfi þar sem áhugi og virkni er drifkraftur í þekkingarleit þeirra. Grundvallar markmið laga um leikskóla eru: **læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.** Grunnþættir eru sameignileg leiðarljós og eiga að féttast inn í allt leikskólastarfið.

### Markmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- fygjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- hlúa að börnum andlega, vistmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- Stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmýnd þeirra, heilbrygðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.“ (Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls.30).

### 4.1. Læsi

Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í okkar samfélagi . Það hjálpar börnunum að lesa í umhverfið sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt s.s. hljóð, snertingu, látbragð, leikræna tjáningu o.fl.

Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla.

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Málörvun á sér stað á öllum tímum dagsins, í fataklefanum, matmálstímum, hópavinnu og lestur í samverstundum. Á leikskólanum er unnið með tákni með tali.

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í mótun og sköpun sem eflir skilning þeirra á heiminum í kring og þátttöku þeirra í ferlinu.

Málörvun fer fram öllum stundum í leik og starfi, myndræn skilaboð og dagskipulag ásamt hefðbundnum leikskóladegi gerir börnunum kleift að lesa í framhald dagsins með athöfnum. Í samskiptum eflist læsi á líðan og tilfinningar. Elstu börn leikskólans eru í markvissri málörum, bókstafirnir eru hluti af leik og efling málvitundar fléttast saman með rími, skiptingu í atkvæði og orðaleiki.

### Markmið málræktar er:

- að efla orðaforða barnsins og skilning á merkingu orðanna.
- að barnið þjálfist í að setja orð yfir hugmyndir sínar og tilfinningar.
- að barnið nýti málið í samskiptum okkar hvert við annað.
- nýta opinar spurningar sem gefa tækifæri á að koma með vangaveltur og svör sem krefjast frjórrar hugsunar.
- efla sjálfsmýnd og skynjun barnanna með fjölbreyttum aðferðum.



- að barnið efli virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- að barnið læri að hlusta á og njóta góðrar frásagna.
- að barnið tjái sig og virði rétt annarra til að tjá sig.

**Leiðir:**

- unnið markvisst með leikskólalæsi.
- góður tími ætlaður til samræðna og vangaveltna.
- leikir og spil með orð og hugtökum.
- áhersla lögð í söng, ritma og dans.
- unnið með myndlist, leikræna tjáningu og sköpun.
- unnið með vísur og þulur.
- unnið með bækur og bókalestur.
- skipulögð málþroskaörvun út frá þörfum hvers barns.

## 4.2. Sjálfbærni

Mikilvægt er að kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta. Í umhverfi Undralands er stutt í Fossflötina þar er skrudgarður, Varmá og Reykjafoss. Útiskólastofa er við Hamarinn þar er fræðslutígur með merktum trjáplöntum. Hveragarður er rétt við Leikskólann með merktum hverum og sögu þeirra. Í nánasta umhverfi okkar eru gróðurhús sem ræktað eru grænmeti og blóm sem börnin fá tækifæri til að heimsækja.

Börnunum er gefið tækifæri til að skoða, rannsaka, gera tilraunir og velta vöngum yfir hinum ýmsu fyrirbærum.

**Markmið:**

- að börnin læri að umgangast náttúruna og nánasta umhverfi af virðingu og ábyrgð.
- börn kynnist og skynji fjölbreytileika náttúrunnar.
- börn læri að endurnýta hluti úr náttúrunni og vinna með þá
- börn kynnist nánasta umhverfi skólans
- börn upplifi nýtingu náttúrunnar kartöflurækt
- kynnist margvíslegum auðlindum náttúrunnar
- börn kynnist stærðfræðilegum hugtökum
- endurvinnsla er hluti af daglegu lífi í skólanum
- börn kynnist fjölbreyttum aðstæðum í síbreytilegri náttúrunni.

**Leiðir:**

- fara í göngu og vettvangsferðir til að upplifa og skoða nánasta umhverfi skólans. gróðurhús, silunginn í Varmá, heitu vatn í hverum og mismundi gróður sem að vex í kringum okkur ofl.
- nota endurnýtalegan efnivið í leik og sköpun
- vinna með tölu, rými, fjarðlæg og áttir
- vinna með snjó, vatn, steina og annað sem finnst í náttúrunni.

## 4.3. Lýðræði og mannréttindi.

Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í leikskóla eru foreldrar, starfsfólk og börn samstarfsaðilar.

Í leikskólanum Undralandi er lögð áhersla á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttæti og virðing einkenna samskipti. Litið er á börn sem virka borgara og þáttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfið sitt. Lögð er áhersla að stuðla að jafnrétti og virkri þátttöku barnanna. Í leikskóla

eru börn með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum. Leitast er við að hvert einstakt barn fái við viðfangsefni við sitt hæfi. Mikilvægt er að félagsskapur og samskipti barnanna bindi þau vináttuböndum og styrki samkennd þeirra.

Í leikskólanum Undralandi fara börnin í litlum hópum í heimsókn á Dvalheimilið Ás sem er heimili eldri borgara Þessar heimsóknir samræmast vel kenningu John Dewey þe. að barnið taki þátt í og kynnist nærsamfélagi sínu.

#### **4.4 Jafnrétti.**

Jafnrétti og mannréttindi eru samofin. Jafnréttismenntun er ein undirstaða lýðræðis og mannréttinda í skólum, hún felur í sér jafnan aðgang allra til náms. Í skóla án aðgreiningar er margbreytileika fagnað og einsleitni hafnað. Öll börn eru jafn velkomin og taka virkan þátt í skólustarfinu. Skólinn leggur áherslu á að draga úr hindrunum í námi og leik. Líta þannig á margbreytileikann sem tækifæri fremur en vandamál sem þurfi að yfirstíga.

Á Íslandi er jafnrétti hluti af reglum stjórnarskrárinnar og höfum við samþykkt ýmsa alþjóðlega sáttmála sem lúta að mannréttindum til að tryggja jafnt aðgengi til menntunar með m.a. tilliti til aðgengis, gæða menntunar og kynferðis.

Við á Undralandi styðjumst við kenningar Dewey sem einmitt hefur jafnrétti og lýðræði að leiðarljósi. Einstaklingurinn lærir af skoðunum annara og kemst að samkomulagi í sameiningu ólíkra sýna á viðfangsefnið.

Grunnþættir menntunar tvinnast saman á marga vegu og kemur jafnrétti við sögu í öllum þáttum.

#### **4.5 Heilbrigði og velferð.**

Í leikskólanum læra börn um hollt matræði, hvíld, hreinlæti, hreyfingu og að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess t.a.m. hvort það hefur trú á eigin hæfni,

„Lífsleikni er geta til að laga sig að mismunandi aðstæðum og breyta á jákvæðan hátt. Sú geta gerir okkur kleift að takast á við kröfur og áskoranir daglegs lífs“ (WHO,1993).

Útivera býður upp á góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi. Í útiveru gefast ótal tækifæri til náms og er útiveran talin hafa góð áhrif á samskipti, hreyfingu og fjölbreytni í leikjum barnanna og stuðla að betri líkamsfærni og rúmskynjun.

Lífsleikni er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálft. Segja má að leikskólanámið sé í raun samfellt lífsleikninám. Til að öðlast lífsleikni þarf barnið að læra umburðarlyndi í samskiptum sínum og samneyti við aðra, læra að bera virðingu fyrir ólíku atgervi, skoðunum og menningu. Vinátta og samkennd er dýrmætt veganesti og góður undirbúningur undir virka þátttöku í félagslífi og samstarfi síðar í lífinu. Barnið þarf að tileinka sér lífsgildi, reglur, venjur og hefðir sem ríkja heima, í leikskólanum og í samfélaginu í heild.

Í leikskólanum er frumkvæði barnanna eflt og styrkt, þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Þau taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfa. Í leikskóla á barnið að fá tækifæri til að læra að leysa deilur á jákvæðan og friðsamlegan hátt og læra að gleðjast með öðrum og lifa í sátt við sjálf sig og umhverfi sitt.

#### **4.6 Sköpun.**

Sköpun er ferli sem byggist á ímyndunarafl barnsins og upplifun þess og þekkingu. Áhuginn og forvitnin knýr barnið til eigin uppgvötanna. Sköpunin eflist við þátttöku barnsins

og við að sjá að þeirra hugmyndir og lausnir hafi áhrif á sköpunarferlið. ( Dewey- skapandi hugsun, læra að rannsaka og kveikja áhuga með eigin þekkingarleit. Sýnilegur efniviður! Einingakubbar).

Sköpun er mikilvæg námsaðferð sem opnar leiðir barnanna til tjáningar. Þau spinna í hlutverkaleik, í söng, í dansi, í myndsköpun og það er enginn rammi sem afmarkar ferlið. Gleðin og hamingjan fylgir sköpun og því að að fá að njóta sín sem einstaklingur.

Þegar barnið gleymir stund og stað er markmiðinu náð, ástandið hefur verið kallað flæði og er leiðin að markmiðinu sem veitir sköpunargleðinni útrás. (Dewey leggur áherslu á rannsóknarvinnu barnanna og framkvæmd á eigin hugmyndum, sköpunarferlið er þýðingarmeira en útkoman sjálf.)

## 5. Samstarf

### 5.1. Foreldrasamstarf

Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna, leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra, en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna. Mikilvægt er að foreldrar þekki kennara barnsins og annað starfsfólk leikskólans og að samskiptin byggist á gagnkvæmri virðingu og trausti. Dagleg samskipti og upplýsingastreymi eru mikilvægir þætti til að stuðla að jákvæðu og traustu sambandi milli foreldra og leikskóla.

Foreldrafundur er haldinn á haustönn þar eru gefnar margvíslegar upplýsingar um leikskólastarfið. Skólanámskrá leikskólans og aðrar áætlanir eru kynntar á foreldrafundi sem haldin er að hausti.

#### **Markmið með leikskólastarfi er:**

- Að rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- Að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- Að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans.

### 5.2. Foreldrasamtöl

Deildarstjórar veita foreldrum einkasamtal einu sinni á ári og oftast ef þörf krefur, þar sem foreldrar eru upplýstir um stöðu og líðan barnsins í leikskólanum og byggir Leikskólakennarinn á athugunum á færni þess, þroska í leik og starfi í barnahóp. Í samtölunum gefst foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið. Samtöl fara fram í ársbyrjun og eru haldin í leikskólanum.

### 5.3. Foreldrafélag

Sameiginlegt foreldrafélag er starfandi við leikskólana í Hveragerði. Foreldrafélagið skipuleggur ýmsar uppákomur og félagsstarf fyrir börnin á leikskólanum. Venja hefur verið fyrir því að fá ljósmyndara einu sinni á ári til að taka einstaklingsmyndir og hópmyndir af börnunum. Elsti árgangur barnanna í leikskólanum fer í útskriftaferð og greiðir þá foreldrafélagið fyrir rútuna. Foreldrafélagið sér um sumarhátíð leikskólanna sem haldin er á leikskólalóðinni eftir viðvertíma barnanna, einnig er boðið er upp á 1-2 leiksýningar á ári.

### 5.4. Foreldraráð

Foreldraráð var stofnað við leikskólann Undraland febrúar 2011. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsögn til leikskólans og leikskólanefndar um skólanámskrá og aðrar þær áætlanir sem varða starfsemi leikskóla, fylgjast með að áætlanir séu kynntar foreldrum og hvernig þær eru framkvæmdar. Þá er einnig gert ráð fyrir að við ákvörðun um allar meiriháttar breytingar á skólastarfi sé haft samráð við foreldraráð. Foreldraráðin taka einnig við ábendingum um það sem betur má fara og koma þeim formlega áleiðis. Í september ár hvert er kosið í nýtt foreldraráð. Heimasíða leikskólans er

### **5.5. Aðlögun**

Aðlögun barns er einn þáttur í uppeldisstarfinu og skiptir miklu máli fyrir líðan barnsins hvernig til tekst. Að byrja í leikskóla er ný reynsla, allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að málum. Markmiðið er að efla öryggiskennnd og vellíðan barnsins og foreldra þess í framandi aðstæðum og stuðla að gagnkvæmum kynnum á milli fjölskyldu barnsins og leikskólans. Aðlögun tekur um það bil eina viku og á þeim tíma lengist viðvera barnsins smám saman þar til fullum dvalartíma er náð. Aðlögun barna er í höndum deildastjóra og er tíminn miðaður við hvert barn. Aðlögun barna á milli deild fer fram á sama hátt, það heimsækir nýju deildina og viðverutíminn er lengdur sá saman.

### **5.6. Trúnaður – tilkynningarskylda starfsfólks**

Leikskólinn leggur áherslu á að fullur trúnaður ríki um allar upplýsingar er varða börnin og foreldra þeirra. Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu. Allt starfsfólk leikskóla undirritar sérstakt þagnarheit sem helst þó látið sé af starfi. Ef leikskólakennarar telja að líkamlegum og/eða andlegum þörfum barnsins sé ekki sinnt ber að tilkynna það barnaverndaryfirvöldum Hveragerðisbæjar, s.b.r. 13. g.r. laga um málefni barna og ungmenna.

### **5.7. Samstarf við Grunnskóla**

Samvinna við grunnskóla er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Samvinna á milli grunnskóla og leikskóla hefur það að markmiði að auðvelda barni að flytjast milli skólastiga og að samfella og stígandi skapist í námi og starfi barnsins. Upplýsingar um einstök börn geta fylgt þeim í grunnskóla. Engar upplýsingar eru gefnar um börn nema með samþykki og vitund foreldra.

Kennarar beggja skólastigana hittast einu sinni í mánuði yfir veturinn. Börn í fyrsta bekk koma í heimsókn í leikskólann sinn og leikskólabörnin fara í Grunnskólann, hitta skólastjóran og skoða skólann. Farið er með elstu börnin nokkur skipti í frímínútur. Þau sitja eina kennslustund með grunnskólabörnunum. Að lokum er vorskóli í Grunnskólanum fyrir tilvonandi nemendur.

#### **Markmið samstarfs leik- og grunnskóla er að:**

- Stuðla að vellíðan barna við flutning milli skólastiga
- Byggja kennslu á fyrri reynslu barnanna
- Samfella skapist í námi barna

### **5.8. Aðrir samstarfsaðilar**

Leikskólaráðgjafi starfar á Skólaskrifstofu Suðurlands. Hann er leikskólastjóra og starfsfólki leikskólans faglegur ráðgjafi um starfsemi leikskólans og málefni sérkennslubarna.

Skólaskrifstofa Suðurlands veitir einnig sálfræðiráðgjöf og sérfræðiaðstoð varðandi talmei ef foreldrum og leikskólakennara þykir þörf á. Félagsmálastjóra Hveragerðis hefur yfirumsjón með barnverndarmálum bæjarins ásamt Heilsugæslu Hveragerðis sem er okkar leiðbeinandi ef upp koma bráðasmit eða veikindi.

## 6. Mat á leikskólastarfinu

### 6.1. Mat í Undralandi

Samkvæmt reglugerð ber leikskóla að móta aðferðir til að meta uppeldisstarfið svo og stjórnarhætti, samskipti innan leikskólans og tengsl við aðila utan hans. Notað er „Innra mat leikskóla“ þ.e. matsblöð unnin af leikskólastjórum á Suðurlandi og leikskólaráðgjafa Skólaskrifstofu Suðurlands 2009-2010. Þetta er spurningalisti sem tekur til allra þátta í leikskólastarfinu, þeir þættir sem ekki koma vel út eru notaðir til uppbyggingar að góðu starfi. Það er allt starfsfólk leikskólans sem framkvæmir matið, auk þess er spurningalisti sem er ætlaður foreldrum. Einnig er Ecerskvarða notaður til að meta leikskólastarf fyrir þriggja til sex ára börn.

Heimildaskrá

*Aðalnámskrá leikskóla.* 2011. Rvk, Menntamálaráðuneytið.

*Brúum bilið.* 1997. Rit um leikskóla og grunnskóla. Menntamálaráðuneytið.

*Börn hafa 100 mál.* 1998. Menntamálaráðuneytið.

Clifford, Richard M. og Thelma Harms. 1980. *Ecers kvarðinn.* Þýtt og útgefið af Gerði Guðmundsdóttur og Sesselju Hauksdóttur 2000.

2000. *Leikskólastefna félags íslenskra leikskólakennara.* F.Í.L., Rvk, Félag íslenskra leikskólakennara.